

Kæri Páll, góðir gestir.

Innilega velkomin hingað í Veröld-hús Vigdísar – húsakynni Háskóla Íslands

Mér mikil ánægja að segja hér örfá orð í upphafi þessarar afmælishátíðar sem haldin er til heiðurs Páli Hreinssyni, fyrrverandi prófessor og nú rannsóknaprófessor við Lagadeild Háskóla Íslands og forseti EFTA dómstólsins. Óhætt er að segja að tengsl Páls við Lagadeild hafa verið margvísleg og mikilvæg í gegnum tíðina. Þessi sterku bönd knýttust strax þegar hann hóf laganám við skólann og hann gat sér snemma gott orð við Lagadeild og var virkur í starfi deildarinnar, metnaðarfullur fyrir hönd hennar og sýndi fræðigreini sinni óbilandi áhuga. Þessi ástríða og eldmóður hafa einkennt Pál og hans störf allar götur síðan.

Eftir að Páll lauk embættisprófi í lögfræði árið 1988 starfaði hann sem stundakennari, aðjúnt og dósent um 11 ára skeið þar til hann var skipaður prófessor árið 1999. Hann gegndi því starfi í ríflega átta allt þangað til hann var skipaður hæstaréttardómari síðla árs 2007. Á starfstíma sínum sem prófessor lauk Páll doktorsprófi (dr. juris) frá Háskóla Íslands.

Páll varð strax vinsæll kennari og eftirsóttur fyrirlesari. Hann hefur alla tíð haft einstakt lag á að ná til nemenda sinna og kveikja áhuga þeirra á lögfræði, enda er hann gæddur eðlislægri forvitni, þekkingarþorsta og brennandi áhuga sem lætur engan ósnortinn sem til hans heyrir. Hlaut Páll árið 1999 viðurkenningu Háskóla Íslands fyrir lofsverðan árangur í kennslu og var fyrstur til að hljóta þá viðurkenningu sem hefur verið veitt árlega allar götur síðan. Þá hefur hann ætíð verið sérlega ræktarsamur við nemendur sína og umhugað um velferð þeirra í námi og starfi.

Eins og þið öll vitið hefur Páll verið afar afkastamikill og mikilsvirtur fræðimaður á fjölmörgum sviðum lögfræðinnar. Umfangsmestu rannsóknir hans hafa þó verið á sviði stjórnsýsluréttar. Eftir hann liggja mörg grundvallarrit í lögfræði og ber þar hæst doktorsritgerð hans *Hæfisreglur stjórnsýslulaga*. Þá hefur hann ritað fjölda fræðigreina, auk þess að vera afar virkur fyrirlesari.

Á árunum sem Páll starfaði sem kennari við Lagadeild Háskóla Íslands gegndi hann ýmsum trúnaðarstörfum fyrir skólann. Hann var um þriggja ára skeið varaforseti Lagadeildar og forseti deildarinnar í tvö ár. Þá var hann formaður stjórnar Happraættis Háskóla Íslands í tvö ár og vann þar afar mikilvægt starf. Eru þá ótalin ýmis vandasöm og krefjandi verkefni sem Páll hefur sinnt fyrir Háskólann og þjóðina og bera þau mannkostum hans skýran vott.

Ljóst er að áhrifa Páls gætir víða í íslensku samfélagi. Hann nýtur trausts og farsældar hvar sem hann kemur. Yfirgripsmikil fagleg þekking hans leikur þar stórt hlutverk, en einnig persónulegir eiginleikar enda er Páll ætíð úrræðagóður og nálgast hlutina á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Kæri Páll, fyrir hönd Háskóla Íslands færi ég þér heillaóskir á þessum tímamótum um leið og ég þakka þér fyrir öll þín störf og framlag til Háskóla Íslands. Mig langar að biðja þig að koma hingað upp og taka blómvendi af þessu tilefni.